

Garðabær
Pósthólf 40
212 Garðabær

Akureyri, 27. mars 2017
Tilvísun: 1611149 / 05.02

Efni: Synjun umsóknar um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra hefur staðfest tillögu stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vorið 2017.

Alls bárust 237 umsóknir um styrki að fjárhæð 3.363 milljónir króna. Í ljósi fjölda umsókna og takmarkaðs fjármagns til úthlutunar reyndist einungis unnt að styrkja 58 umsóknir. Til úthlutunar voru 610 milljónir króna. Því miður reyndist ekki unnt að verða við umsókn yðar um styrk til: **Strandstígur – Álftanesi**, en mörg góð verkefni hlutu ekki styrk að þessu sinni.

Tillögur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða voru unnar skv. lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða og reglugerðar nr. 20/2016 um starfsreglur Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða vegna styrkveitinga.

Samkvæmt 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur styrkumsækjandi óskað eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni. Skrifleg beiðni þess efnis skal berast Ferðamálastofu innan 14 daga frá dagsetningu tilkynningar þessarar. Beiðni um rökstuðning skal senda á netfangið framkvaemdasjodur@ferdamalastofa.is.

Virðingarfyllst,
F.h. Ferðamálastofu



Nanna D. Björnsdóttir, lögfræðingur